

Fundur fulltrúaráðs Héraðsnefndar Þingeyinga bs. haldinn á Narfastöðum og í gegnum Zoom 6. nóvember 2019 kl. 15:00.

Fundinn sátu eftirtaldir fulltrúar (12 af 15);

- frá Þingeyjarsveit; Arnór Benónýsson, Árni Pétur Hilmarsson og Jóna Björg Hlöðversdóttir
- frá Skútustaðahreppi; Elísabet Sigurðardóttir og Helgi Héðinsson
- frá Norðurþingi; Helena Eydís Ingólfssdóttir (í Zoom), Kolbrún Ada Gunnarsdóttir og Kristján Þór Magnússon (vantar 3 fulltrúa)
- frá Tjörneshreppi; Katý Bjarnadóttir
- frá Svalbarðshreppi; Ina Leverköhne
- frá Langanesbyggð; Siggeir Stefánsson (í Zoom) og Þorsteinn Ægir Egilsson

Fundinn sátu einnig, Elías Pétursson, sveitarstjóri Langanesbyggðar, Dagbjört Jónsdóttir sveitarstjóri Þingeyjarsveitar, Sigurður Guðmundsson oddviti Svalbarðshrepps og Reinhard Reynisson framkvæmdastjóri Héraðsnefndar Þingeyinga bs. sem ritaði fundargerð.

Formaður, Arnór Benónýsson, setti fund og stjórnaði honum.

Þetta gerðist:

1. Skýrsla framkvæmdastjórnar

Dagbjört Jónsdóttir formaður framkvæmdastjórnar flutti skýrsluna en framkvæmdastjórnin hefur haldið einn fund frá vofundi fulltrúaráðsins sl. vor.

Helstu umfjöllunarefni framkvæmdastjórnarinnar á tímabilinu hafa verið:

- Í framhaldi af bókun fulltrúaráðs sl. vor hefur samstarf í brunavörnum verið til umfjöllunar og hefur verið leitað eftir ákveðnu stöðumati og framtíðarsýn slökkviliðsstjóranna á svæðinu. Þau gögn liggja nú fyrir og verða til umfjöllunar hjá framkvæmdastjórninni ásamt næstu skrefum í málinu.
- Samstarf í skipulagsmálum hefur verið til umfjöllunar í framhaldi af bókun fulltrúaráðs sl. vor og samþykkt að senda sveitarfélögunum bréf til að fylgja þeirri bókun eftir.
- Fjallað hefur verið um samstarf í stefnumótunarvinnu og einnig varðandi eftirfylgni stefnumótunar. Ljóst er að samlegð liggur í því milli sveitarfélaganna, t.d. varðandi fjölmeningarstefnu og eftirfylgni hennar. Nú þegar hafa Skútustaðahreppur og Þingeyjarsveit samþykkt að ráða fjölmeningarfulltrúar í hlutastarf sem er sami starfsmaður og Norðurþing hefur ráðið til sín.
- Í undirbúningi er að efna til sameiginlegs viðburðar með atvinnuþróunarfélaginu til kynningar á skýrslu um smávirðjankosti á starfssvæðinu sem atvinnuþróunarfélagið hefur látið vinna.

Formaður gaf orðið laust um skýrslu framkvæmdastjórnar en enginn kvað sér hljóðs. Skýrslan í heild sinni er send út með fundargerð.

2. Fjárhagsáætlun komandi árs ásamt þriggja ára áætlun

Árni Pétur Hilmarsson formaður stjórnar MMP og Jan Klitgaard forstöðumaður gerðu grein fyrir fjárhagsáætlun MMP og sóknaráætlun stofnunarinnar til næstu tveggja ára. Fram kom að rekstur stofnunarinnar er í járnnum og nauðsynlegt að rétta hann af, m.a. til að hún geti sinnt lögbundnum skyldum sínum.

Í umræðum kom fram að nauðsynlegt væri að auka framlög ríkisins til stofnunarinnar þar sem sífellt bættust við lögskyld verkefni án þess að þeim fylgdu fjármunir.

Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir fjárhagsáætlun annarra verkefna byggðasamlagsins en í megin atriðum er um óbreytta starfsemi að ræða á milli ára. Vakti hann þó athygli á meiri kostnaði við rekstur nefnda í framhaldi af ákvörðun fulltrúaráðs um endurskoðun þóknana fyrir nefndarstörf á vegum byggðasamlagsins.

Að umræðu lokinni var fjárhagsáætlun- og þriggja ára áætlun byggðasamlagsins samþykkt samhljóða.

3. Kosning sérstakra starfsnefnda

Ekki liggur fyrir nein tillaga um kosningu starfsnefnda að þessu sinni.

4. Önnur mál

- Kristján Þór Magnússon gerði grein fyrir nýjum samningi um almannavarnir þar sem sveitarfélögin í Þingeyjarsýslu og Eyjafirði sameinast um eina almannavarnarnefnd fyrir allt svæðið. Gert er ráð fyrir að samningurinn taki gildi um næstu áramót að fenginni afgreiðslu allra sveitarfélaganna.
- Formaður bar upp til afgreiðslu sóknaráætlun MMP og fjárhagsáætlun 2020 þannig að afstaða fulltrúaráðsins væri sveitarfélögunum ljós við afgreiðslu sína á áætlununum. Voru bæði sóknaráætlunin og fjárhagsáætlun 2020 samþykktar samhljóða. Vakin var athygli á nauðsyn þess að ná samtali við ríkisvaldið um aukna aðkomu að verkefninu og samþykkt að beina því til stjórnar Eyþings að taka málið upp í tengslum við samningsgerð um sóknaráætlun landshlutans 2020-2024.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 16:40